

HPE-2018-06 Uppsetning kúlubyggðar

Umsækjandi er Kyrrðin ehf. Sótt er um fjármagn til að undirbúa uppsetningu kúlubyggðar í Hrísey. Um er að ræða nýstárlega gerð gistingar/lúxusferða fyrir ferðamenn, en umsækjandi hefur rekið svona kúlubyggð í Árnessýslu undanfarin tvö ár. Þetta er aðallega hugsað til notkunar að vetri til og hefur verið vinsæll gistikostur. Markmiðið er að búa til nýjan segul fyrir ferðamenn til að koma til Hríseyjar og gæti því átt samleið með öðrum ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Sótt er um styrk til þess að finna hentugan stað í Hrísey, fá samþykki fyrir uppsetningu og uppsetningu á tilraunakúlu.

Verkefnið fellur vel að markmiðum Hrísey, þerlu Eyjafjarðar að því leiti að um er að ræða nýbreytni í ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu Hríseyjar sem rólegs áfangastaðar. Verkefnið er líka áhugavert í ljósi þess að það mun vonandi efla ferðaþjónustuna í eyinni yfir vetrartímenn.

Verkefninu var úthlutað 1.100.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.